



## Ræða eða grein, Sérsvið innan réttarfarsins, ódagsett.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmal – Ræður – Grein – Réttarfar – Réttarfarslög - Sérsvið – Dómstólar -  
Prentfrelsi

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360

Ræður

Askja 4-6, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SÉRSVIÐ INNAN RÉTTARFARSINS.

Þótt játa verði, að efni og gögn, er hér liggja fyrir, verði að teljast í rýrara lagi, og vel hefði mátt við það auka með ýmsu móti, tel ég þó nægilegan grundvöll fyrir því að draga nokkrar ályktanir, sem geta vakið umræður og ~~erðið þess valdandi~~, að menn taki afstöðu.

1. Ójöfnuður gagnvart lögum er slíkur, að grípa verður í taumana. Í veigamiklum atriðum er framkvæmd misjöfn frá einni dómþinghá til annarrar, og jafnvel innan sama svæðis fylgja ritstjórnir blaðanna ólíkum stefnum. Hvað sem öðru líður er það meginregla í réttarfari, að jafnt skuli yfir alla ganga. En því er ekki að heilsa í sambandi við mál

það, <sup>sem</sup> er hér er til umræðu. *þetta hlýfur þeim möngu, sem fá þakfari til að gera samantæki, á því, sem skemur í limnum ýmsu landshlutum, að fimast óviðkumanlegt, já, beinlínis óriðlætt.*

Að því er sum atriðin varðar, er hægt - eftir leiðum stjórnarsýslunnar - að koma á almennu fyrirkomulagi, þannig að framkvæmd verði nokkurn veginn á sama veg, sbr. það, er áður segir varðandi tilkynningar um þinghöld og aðgang að dómabókum.

2. Reglur um réttarhöld fyrir luktum dyrum er oft beitt á vélrænan hátt og vissulega ekki hagkvæman. Eigi getur það rétt talizt að beita sumstaðar hlutlægu mati en starfa annars staðar eftir almennum reglum.

3. Reglunni í réttarfarslögnum, 31. gr., 2. mgr., um bann við frásögnum er ekki beitt í þeim mæli, er skynsamlegt þykir, hún virðist jafnvel vera regla án raunverulegs efnis, ef frá er skilin spurningin um manna-nöfn.

Það er skiljanlegt, að menn færast undan því að taka raunhæfar ákvarðanir á þeim sviðum, þar sem svo erfitt er að meta aðstæður. Þetta sjónarmið getur þó ekki leyst menn undan ábyrgð. Með því að beita banni við frásögn í stað dýralokunar næst árangur, sem ef til vill mætti eins ná með tilmælum: Fréttamenn eru áfram viðstaddir og geta fullvissað sig um að ekki sé beitt ójöfnuði. Með því er gætt veigamikils atriðis til stuðnings kröfunni um réttarhöld í heyranda hljóði. Öll reynsla <sup>skýtur það,</sup> ~~mælir með því,~~ að fréttamenn muni ekki misnota þá aðstöðu sína að fá að vera viðstaddir.

Spyrja mætti, hvort bann við frásögn geti að öllu leyti komið í stað réttarhalda fyrir luktum dyrum. Svo er að sjálfsögðu ekki, enda eru skilyrði ekki hin sömu. Raunverulega þýðingu í þessu sambandi hefur að líkindum það eitt, að dyrum verði lokað af siðsemisástæðum, en slíkar ástæður geta ekki verið rök fyrir banni við frásögn. En þar sem samt sem áður væri hægt að rökstyðja bann við frásögn með því, að aðili, sem ekki er undir ákæru, myndi að öðrum kosti verða fyrir sárindum að óþörfu, myndi þetta þó leysa vandann að verulegu leyti.

4. Þýðingarmesta atriðið er vandamál það, er varðar birtingu á nöfnum. Vandamálið er ekki leyst með reglunum í réttarfarslögnum, og siðareglur blaðanna geta eigi heldur, samkvæmt orðalagi sínu, leyst það, nema m.a. verði, fyrir tilverknað Blaðamannaráðs (Pressenævnet), komið á sömu starfsháttum um land allt.

Takist það ekki, verður að gera þetta atriði skýrara með breytingu á réttarfarslögnum. Að sjálfsögðu kemur ekki til mála almennt bann við því að skýra frá nöfnum ákærða eða dómfellda. En regla á þá leið, að aðeins megi skýra frá nöfnum þeirra, er við mál eru riðnir, ef almennar ástæður mæla með því, yrði væntanlega veigamikilið spor til bóta. Vafi kann að sjálfsögðu að leika á því, hvenær slíkar almennar ástæður eru fyrir hendi. Verður þá væntanlega að bæta við regluna ákvæði á þá leið, að maður, sem óttast slíka frásögn, geti krafizt úrskurðar dómstóla um þetta. Jafn þýðingarmikið og prentfrelsið er meginreglan um vernd dómstóla fyrir borgarana. Maður verður að íhuga, hvort það eitt, að krafa hafi verið sett fram við dómstól, fresti heimild til að birta nafnið. Með slíkum reglum er vandamálið ekki leyst endanlega. En grundvöllur skapast fyrir því, að með réttar<sup>gerð</sup>~~ráð~~ verði komið á nokkurn veginn skýru réttarástandi, sem öllum væri skylt að hlíta.

Ef nánar ætti að kveða á um það, hvað í orðatiltækinu "almennar ástæður" felst í þessu sambandi, er spurning, hvort yfirleitt skuli kveða á um það í lögnum sjálfum. Freistandi væri að gera aðeins nánar grein fyrir því í athugasemdum með frumvarpi. Þetta væri þó óheppilegt, þegar um er að ræða reglu, er allir verða að geta skilið beint, þótt það verði hlutverk dómstóla að gefa nákvæma, efnislega skýringu á reglunni. Sem veigamikil atriði mætti nefna: 1. Hversu alvarlegt afbrot er. Þetta bæri að leggja út þannig að aðeins koma til álita -ef ekki er um önnur atriði að

ræða- alvarlegustu glæpir. 2. Það, hvort nafnið er þegar kunnugt almenningi. Hafi verið lýst eftir manni, eða ef mál er höfðað út af málefnum, sem þegar hefur verið getið um í blöðum, myndi það virðast ein-kennilegt, ef menn halda ~~nafni~~<sup>a</sup> síðar leyndu. Í þessu sambandi mætti einnig geta þess, að það, að maður er þegar í áberandi stöðu í augum almennings, getur skipt máli við íhugun á þessu. Eigi heldur verður því mót-mælt, að í litlu samfélagi getur nafn verið það vel þekkt í sambandi við tiltekið mál, að skaðinn er þegar orðinn. 3. Birting á nöfnum getur verið nauðsynleg til þess að stöðva kviksögur eða til þess að undir-strika það, að í réttarfari er ekkert manngreinarálit. 4. Það atriði, hversu skýrt mál liggur fyrir- hér með talin tilvik, þar sem játning liggur fyrir-, og þróun málsins á mismundi stigum, verður einnig að koma til álita. Ekki gildir einu, hvort mál er þegar höfðað eða jafnvel dómur genginn. 5. Aldur þess, sem við mál er riðinn og önnur persónuleg atvik verður einnig að taka til greina.

Að öðru leyti er það sjálfsagt, að til sanngjarnar meðferðar máls í blöðum telst það, að taka verður fram um neitun á sök, svo og um það, hvort dómur er genginn, ef nafn er yfirleitt birt að svo komnu máli.

Hinsvegjar verður að halda þeirri meginreglu, að hina margnotuðu tilvísun til nauðsynjar þess að koma almennt í veg fyrir brot má ekki bera fram sem atriði, er hefur úrslitabýðingu. Ef viðurkennt er, að birtingu á nafni skuli ekki beita sem refsiaðgerð, má eigi heldur

nota dulda hótun um birtingu í sama augnamiði. Um þetta atriði eru menn ekki á einu máli. Í "Juristen", 1965, bls. 358, segir Trolle, að hæfilegt umtal í blöðum um mál varðandi ölvun við akstur geti verið nokkurs virði, sbr. einnig Hurwitz á sama stað, bls. 362, um þau verulegu áhrif í þá átt að koma almennt í veg fyrir brot, sem frásögn af málum út af ölvun við akstur og skattsvik getur haft, en á hinn bóginn setur N. Schaumburg, bls. 365 ff., fram efasemdir um almenn áhrif í þá átt að koma í veg fyrir brot, þótt nöfn séu birt. Spurning er, hvort almennt tillit til nauðsynjar <sup>þar</sup> á að koma í veg fyrir brot almennt, krefjist þess, að getið verði nafna í öðrum tilvikum en þeim, sem að ofan greinir, sjá varðandi þetta Gomard: "Juristen", 1965, bls. 360.

Í þeirri mynd, sem leitast hefur verið við að draga upp af samskiptum dómstóla og blaða, vantar enn veigamikið atriði. Í nefndum spurningum, sem lagðar voru fyrir ýmsa aðila, var gefið tilefni til gagnrýni á réttarreglur og dómstóla. Samt sem áður hefur mikill fjöldi þeirra, sem svarað hafa, talið ástæðu til að undirstrika það, hversu góð samskipti eru milli dómstóla og blaða. Þetta var í sjálfu sér ekki nauðsynlegt. Þótt það hafi samt átt sér stað, er það að líkindum vegna þess, að blöðin hafa fundið þörf á því að skýra frá því.

Þótt einhvern hlut megi góðan telja, ber það ekki að vera því til fyrirstöðu, að betur verði gert.

SÉRSVIÐ INNAN RÉTTARFARSINS.

Þótt játa verði, að efni og gögn, er hér liggja þó fyrir, verði að teljast í rýrara lagi, og vel hefði mátt við það auka með ýmsu móti, tel ég þó nægilegan grundvöll fyrir því að draga nokkrar ályktanir, sem geta vakið umræður og ~~verði þess valdandi~~ <sup>krefjast þess,</sup> að menn taki afstöðu.

1. Ójöfnuður gagnvart lögum er slíkur, að grípa verður í taumana. Í veigamiklum atriðum er framkvæmd misjöfn frá einni dómþinghá til annarrar, og jafnvel innan sama svæðis fylgja ritstjórnir báðanna ólíkum stefnum. Hvað sem öðru líður er það meginregla í réttarfari, að jafnt skuli yfir alla ganga. En því er ekki að heilsa í sambandi við mál

*það, <sup>sem</sup> hér er, til umræðu, <sup>þetta hlýtur þeim mörgu,</sup> sem <sup>þetta hlýtur þeim mörgu,</sup> þetta hlýtur þeim mörgu, samantekið á því, sem skettur í <sup>þessum ýmsu landskilutum,</sup> að finast óvillkumanlegt, ja, beinlínis brekklætt.*

Að því er sum atriðin varðar, er hægt -eftir leiðum stjórnarsýslunnar - að koma á almennu fyrirkomulagi, þannig að framkvæmd verði nokkurn veginn á sama veg, sbr. það, er áður segir varðandi tilkynningar um þinghöld og aðgang að dómabókum.

2. Reglur um réttarhöld fyrir luktum dyrum er oft beitt á vélrænan hátt og vissulega ekki hagkvæman. Eigi getur það rétt talizt að beita sumstaðar hlutlægu mati en starfa annars staðar eftir almennum reglum.

3. Reglunni í réttarfarslögum, 31. gr., 2. mgr., um bann við frásögnum er ekki beitt í þeim mæli, er skynsamlegt þykir, hún virðist jafnvel vera regla án raunverulegs efnis, ef frá er skilin spurningin um manna-nöfn.

Það er skiljanlegt, að menn færast undan því að taka raunhæfar ákvarðanir á þeim sviðum, þar sem svo erfitt er að meta aðstæður. Þetta sjónarmið getur þó ekki leyst menn undan ábyrgð. Með því að beita banni við frásögn í stað dyralokunar næst árangur, sem ef til vill mætti eins ná með tilmælum: Fréttamenn eru áfram viðstaddir og geta fullvissað sig um að ekki sé beitt ójöfnum. Með því er gætt veigamikils atriðis til stuðnings kröfunni um réttarhöld í heyranda hljóði. Öll reynsla <sup>skýtur það</sup> ~~er með því~~, að fréttamenn muni ekki misnota þá aðstöðu sína að fá að vera viðstaddir.

Spyrja mætti, hvort bann við frásögn geti að öllu leyti komið í stað réttarhalda fyrir luktum dyrum. Svo er að sjálfsögðu ekki, enda eru skýlryði ekki hin sömu. Raunverulega þýðingu í þessu sambandi hefur að líkindum það eitt, að dyrum verði lokað af siðsemisástæðum, en slíkar ástæður geta ekki verið rök fyrir banni við frásögn. En þar sem samt sem áður væri hægt að rökstyðja bann við frásögn með því, að aðili, sem ekki er undir ákæru, myndi að öðrum kosti verða fyrir sárændum að óþörfu, myndi þetta þó leysa vandann að verulegu leyti.

4. Þýðingarmesta atriðið er vandamál það, er varðar birtingu á nöfnum. Vandamálið er ekki leyst með reglunum í réttarfarslögnum, og siðareglur blaðanna geta eigi heldur, samkvæmt orðalagi sínu, leyst það, nema m.a. verði, fyrir tilverknað Blaðamannaráðs (Pressenævnet), komið á sömu starfsháttum um land allt.



Takist það ekki, verður að gera þetta atriði skýrara með breytingu á réttarfarslögnum, Að sjálfsögðu kemur ekki til mála almennt bann við því að skýra frá nöfnum ákærða eða dómfellda. En regla á þá leið, að aðeins megi skýra frá nöfnum þeirra, er við mál eru riðnir, ef almennar ástæður mæla með því, yrði væntanlega veigamikilið spor til bóta. Þafi kann að sjálfsögðu að leika á því, hvenær slíkar almennar ástæður eru fyrir hendi. Verður þá væntanlega að bæta við regluna ákvæði á þá leið, að maður, sem óttast slíka frásögn, geti krafizt úrskurðar dómstóða um þetta. Jafn þýðingarmikið og prentfrelsið er meginreglan um vernd dómstóla fyrir borgarana. Maður verður að íhuga, hvort það eitt, að krafa hafi verið sett fram við dómstól, fresti heimild til að birta nafnið. Með slíkum reglum er vandamálið ekki leyst endanlega. En grundvöllur skapast fyrir því, að með réttar<sup>sláttu</sup>~~praktis~~ verði komið á nokkurn veginn skýru réttarástandi, sem öllum væri skylt að hlíta.

Ef nánar ætti að kveða á um það, hvað í orðatiltækinu "almennar ástæður" felst í þessu sambandi, er spurning, hvort yfirleitt skuli kveða á um það í lögnum sjálfum. Freistandi væri að gera aðeins nánar grein fyrir því í athugasæðum með frumvarpi. Þetta væri þó óheppilegt, þegar um er að ræða reglu, er allir verða góð geta skilið beint, þótt það verði hlutverk dómstóla að gefa nákvæma, efnislega skýringu á reglunni. Sem veigamikil atriði mætti nefna: 1. Hversu alvarlegt afbrot er. Þetta bæri að leggja út þannig að aðeins koma til álita -ef ekki er um önnur atriða að

ræða- alvarlegustu glæpir. 2. Það, hvort nafnið er þegar kunnugt almenningi. Hafi verið lýst eftir manni, eða ef mál er höfðað út af málefnum, sem þegar hefur verið getið um í blöðum, myndi það virðast ein-kennilegt, ef menn halda <sup>a</sup> nafni síðar leyndu. Í þessu sambandi mætti einnig geta þess, að það, að maður er þegar í áberandi stöðu í augum almennings, getur skipt máli við íhugun á þessu. Eigi heldur verður því mót-mælt, að í litlu samfélagi getur nafn verið það vel þekkt í sambandi við tiltekið mál, að skaðinn er þegar orðinn. 3. Birting á nöfnum getur verið nauðsynleg til þess að stöðva kviksögur eða til þess að undir-strika það, að í réttarfari er ekkert manngreinarálit. 4. Það atriði, hversu skýrt mál liggur fyrir, hér með talin tilvik, þar sem játning liggur fyrir-, og þróun málsins á mismundastigum, verður einnig að koma til álita. Ekki gildir einu, hvort mál er þegar höfðað eða jafnvel dómur genginn. 5. Aldur þess, sem við mál er riðinn og önnur persónuleg atvik verður einnig að taka til greina.

Að öðru leyti er það sjálfsagt, að til sanngjarnar meðferðar máls í blöðum telst það, að taka verður fram um neitun á sök, svo og um það, hvort dómur er gegginn, ef nafn er yfirleitt birt að svo komnu máli.

Hinsvegar verður að halda þeirri meginreglu, að hina margnotuðu tilvísun til nauðsynjar þess að koma almennt í veg fyrir brot má ekki bera fram sem atriði, er hefur úrslitabýðingu. Ef viðurkennt er, að birtingu á nafni skuli ekki beita sem refsiaðgerð, má eigi heldur

nota dulda hótun um birtingu í sama augnamiði. Um þetta atriði eru menn ekki á einu máli. Í "Juristen", 1965, bls. 358, segir Trolle, að hæfilegt umtal í blöðum um mál varðandi ölvun við akstur geti verið nokkurs virði, sbr. einnig Hurwitz á sama stað, bls. 362, um þau verulegu áhrif, í þá átt að koma almennt í veg fyrir brot, sem frásögn af málum út af ölvun við akstur og skattsvik getur haft, en á hinn bóginn setur N. Schaumburg, bls. 365 ff., fram efasemdir um almennáhrif í þá átt að koma í veg fyrir brot, þótt nöfn séu birt. Spurning er, hvort almennt tillit til nauðsynjar <sup>þess</sup> á að koma í veg fyrir brot almennt, krefjist þess, að getið verði nafna í öðrum tilvikum en þeim, sem að ofan greinir, sjá varðandi þetta Gomard: "Juristen", 1965, bls. 360.

Í þeirri mynd, sem leitast hefur verið við að draga upp af samskiptum dómstóla og blaða, vantar enn veigamikilið atriði, í nefndum spurningum, sem lagðar voru fyrir ýmsa aðila, var gefið tilefnittil gagnrýni á réttarreglur og dómstóla. Samt sem áður hefur mikill fjöldi þeirra, sem svarað hafa, talið ástæðu til að undirstrika það, hversu góð samskipti eru milli dómstóla og blaða. Þetta var í sjálfu sér ekki nauðsynlegt. Þótt það hafi samt átt sér stað, er það að líkindum vegna þess, að blöðin hafa fundið þörf á því að skýra frá því.

Þótt einhvern hlut megi góðan telja, ber það ekki að vera því til fyrirstöðu, að betur verði gert.

SÆRSVIÐ INNAN RÉTTARFARSINS.

Þótt játa verði, að efni og gögn, er hér liggja fyrir, verði að teljast í rýrara lagi, og vel hefði mátt við það auka með ýmsu móti, tel ég þó nægilegan grundvöll fyrir því að draga nokkrar ályktanir, sem geta vakið umræður og ~~verði þess valdandi~~ <sup>knéfast þess</sup>, að menn taki afstöðu.

1. Ójöfnuður gagnvart lögum er slíkur, að gripa verður í taumana. Í veigamiklum atriðum er framkvæmd misjöfn frá einni dómþinghá til annarrar, og jafnvel innan sama svæðis fylgja ritstjórnir báðanna ólíkum stefnum. Hvað sem öðru líður er það meginregla í réttarfari, að jafnt skuli yfir alla ganga. En því er ekki að heilsa í sambandi við mál

*það, <sup>sem</sup> hér er til umræðu. Þetta hlýtur þeim mörku, sem samantöld á því, sem skettur, í lögum ýmsu laudshlukum, að finnst þótt kumanlegt, ja, beinlínis óréttlátt.*

Að því er sum atriðin varðar, er hægt -eftir leiðum stjórnarsýslunnar - að koma á almennu fyrirkomulagi, þannig að framkvæmd verði nokkurn veginn á sama veg, sbr. það, er áður segir varðandi tilkynningar um þinghöld og aðgang að dómabókum.

2. Reglur um réttarhöld fyrir luktum dyrum er oft beitt á vélrænan hátt og vissulega ekki hagkvæman. Eigi getur það rétt talizt að beita sumstaðar hlutlægu mati en starfa annars staðar eftir almennum reglum.

3. Reglunni í réttarfarslögnum, 31. gr., 2. mgr., um bann við frásögnum er ekki beitt í þeim mæli, er skynsamlegt þykir, hún virðist jafnvel vera regla án raunverulegs efnis, ef frá er skilin spurningin um manna-nöfn.

Það er skiljanlegt, að menn færast undan því að taka raunhæfar ákvarðanir á þeim sviðum, þar sem svo erfitt er að meta aðstæður. Þetta sjónarmið getur þó ekki leyst menn undan ábyrgð. Með því að beita banni við frásögn í stað dyralokunar næst árangur, sem ef til vill mætti eins ná með tilmælum: Fréttamenn eru áfram viðstaddir og geta fullvissað sig um að ekki sé beitt ójöfnuði. Með því er gætt veigamikils atriðis til stuðnings kröfunni um réttarhöld í heyranda hljóði. Öll reynsla <sup>skytur það</sup> ~~veikir með því~~, að fréttamenn muni ekki misnota þá aðstöðu sína að fá að vera viðstaddir.

Spyrja mætti, hvort bann við frásögn geti að öllu leyti komið í stað réttarhalda fyrir luktum dyrum. Svo er að sjálfsögðu ekki, enda eru skilyrði ekki hin sömu. Raunverulega þýðingu í þessu sambandi hefur að líkindum það eitt, að dyrum verði lokað af siðsemisástandum, en slíkar ástæður geta ekki verið rök fyrir banni við frásögn. En þar sem samt sem áður væri hægt að rökstyðja bann við frásögn með því, að aðili, sem ekki er undir ákæru, myndi að öðrum kosti verða fyrir sáráendum að óþörfu, myndi þetta þó leysa vandann að verulegu leyti.

4. Þýðingarmesta atriðið er vandamál það, er varðar birtingu á nöfnum. Vandamálið er ekki leyst með reglunum í réttarfarslögnum, og siðareglur blaðanna geta eigi heldur, samkvæmt orðalagi sínu, leyst það, nema m.a. verði, fyrir tilverknað Blaðamannaráðs (Pressenævnet), komið á sömu starfsháttum um land allt.

Takist það ekki, verður að gera þetta atriði skýrara með breytingu á réttarfarslögnum, Að sjálfsögðu kemur ekki til mála almennt bann við því að skýra frá nöfnum ákærða eða dómfellda. En regla á þá leið, að aðeins megi skýra frá nöfnum þeirra, er við mál eru riðnir, ef almennar ástæður mæla með því, yrði væntanlega veigamikilið spor til bóta. Þafi kann að sjálfsögðu að leika á því, hvæmer slíkar almennar ástæður eru fyrir hendi. Verður þá væntanlega að bæta við regluna ákvæði á þá leið, að maður, sem óttast slíka frásögn, geti krafizt úrskurðar dómstóla um þetta. Jafn þýðingarmikið og prentfrelsið er meginreglan um vernd dómstóla fyrir borgarana. Maður verður að íhuga, hvort það eitt, að krafa hafi verið sett fram við dómstól, fresti heimild til að birta nafnið. Með slíkum reglum er vandamálið ekki leyst endanlega. En grundvöllur skapast fyrir því, að með réttar~~ástandi~~<sup>rengju</sup> verði komið á nokkurn veginn skýru réttarástandi, sem öllum væri skylt að hlíta.

Ef nánar ætti að kveða á um það, hvað í orðatil-  
tækinu "almennar ástæður" felst í þessu sambandi, er  
spurning, hvort yfirleitt skuli kveða á um það í lög-  
unum sjálfum. Freistandi væri að gera aðeins nánar  
grein fyrir því í athugasemdum með frumvarpi. Þetta  
væri þó óheppilegt, þegar um er að ræða reglu, er allir  
verða gó geta skilið beint, þótt það væri hlutverk  
dómstóla að gefa nákvæma, efnislega skýringu á reglunni.  
Sem veigamikil atriði mætti nefna: 1. Hversu alvar-  
legt afbrot er. Þetta bæri að leggja út þannig að  
aðeins koma til álita -ef ekki er um önnur atriði að

ræða- alvarlegustu glæpir. 2. Það, hvort nafnið er þegar kunnugt almenningi. Hafi verið lýst eftir manni, eða ef mál er höfðað út af málefnum, sem þegar hefur verið getið um í blöðum, myndi það virðast ein-kennilegt, ef menn halda <sup>a</sup> nafni síðar leyndu. Í þessu sambandi mætti einnig geta þess, að það, að maður er þegar í áberandi stöðu í augum almennings, getur skipt máli við íhugun á þessu. Eigi heldur verður því mót-mælt, að í litlu samfélagi getur nafn verið það vel þekkt í sambandi við tiltekið mál, að skaðinn er þegar orðinn. 3. Birting á nöfnum getur verið nauðsynleg til þess að stöðva kviksögur eða til þess að undir-strika það, að í réttarfari er ekkert manngreinarálit. 4. Það atriði, hversu skýrt mál liggur fyrir, hér með talin tilvik, þar sem játning liggur fyrir-, og þróun málsins á mismundánstigum, verður einnig að koma til álita. Ekki gildir einu, hvort mál er þegar höfðað eða jafnvel dómur genginn. 5. Aldur þess, sem við mál er riðinn og önnur persónuleg atvik verður einnig að taka til greina.

Að öðru leyti er það sjálfsagt, að til sanngjarnar meðferðar máls í blöðum telst það, að taka verður fram um neitun á sök, svo og um það, hvort dómur er gegginn, ef nafn er yfirleitt birt að svo komnu máli.

Hinsvegar verður að halda þeirri meginreglu, að hina margnotuðu tilvísun til nauðsynjar þess að koma almennt í veg fyrir brot má ekki bera fram sem atriði, er hefur úrslitabýðingu. Ef viðurkennt er, að birtingu á nafni skuli ekki beita sem refsiaðgerð, má eigi heldur

nota dulda hótun um birtingu í sama augnamiði. Um þetta atriði eru menn ekki á einu máli. Í "Juristen", 1965, bls. 358, segir Trolle, að hæfilegt umtal í blöðum um mál varðandi ölvun við akstur geti verið nokkurs virði, sbr. einnig Hurwitz á sama stað, bls. 362, um þau verulegu áhrif, í þá átt að koma almennt í veg fyrir brot, sem frásögn af málum út af ölvun við akstur og skattsvik getur haft, en á hinn bóginn setur N. Schaumburg, bls. 365 ff., fram efasemdir um almennáhrif í þá átt að koma í veg fyrir brot, þótt nöfn séu birt. Spurning er, hvort almennt tillit til nauðsynjar <sup>þeir</sup> á að koma í veg fyrir brot almennt, krefjist þess, að getið verði nafna í öðrum tilvikum en þeim, sem að ofan greinir, sjá varðandi þetta Gomard: "Juristen", 1965, bls. 360.

Í þeirri mynd, sem leitast hefur verið við að draga upp af samskiptum dómstóla og blaða, vantar enn veigamikil atriði. Í nefndum spurningum, sem lagðar voru fyrir ýmsa aðila, var gefið tilefni til gagnrýni á réttarreglur og dómstóla. Samt sem áður hefur mikill fjöldi þeirra, sem svarað hafa, talið ástæðu til að undirstrika það, hversu góð samskipti eru milli dómstóla og blaða. Þetta var í sjálfu sér ekki nauðsynlegt. Þótt það hafi samt átt sér stað, er það að líkindum vegna þess, að blöðin hafa fundið þörf á því að skýra frá því.

Þótt einhvern hlut megi góðan telja, ber það ekki að vera því til fyrirstöðu, að betur verði gert.